



Fundargerð stjórnar

9. fundur

Mánudaginn 26. mars 2007 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á skrifstofu Höfðahrepps og hófst fundur kl 11.00. Á fundinn mættu: Bjarni Maronsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Bjarni Maronsson, formaður stjórnar setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2006.

Fyrir fundinum lá ársreikningur byggðasamlagsins sem gerður er af Kristjáni Jónassyni löggiltum endurskoðanda KPMG hf.

Stjórnarmenn yfirfóru reikninginn, samþykktu hann og árituður en honum var að öðru leyti vísað til afgreiðslu ársfundar.

2. Fjárhagsáætlun 2007.

Á fundinum var farið yfir hvaða forsendur ætti að leggja upp með í fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 sem þarf að leggja fyrir á ársfundinum. Gunnar Bragi tók að sér að láta stilla upp tillögu að fjárhagsáætlun þar sem reiknað er með áframhaldandi sérfræðivinnu við að skilgreina urðunarstað en ekki tekin afstaða til fjárfestinga.

3. Skýrsla stjórnar.

Bjarni lagði fram drög að skýrslu stjórnar. Fundarmenn ræddu skýrsludrögin og hvað þurfi að koma fram í henni á fundinum.

4. Breytingar á stofnsamningi.

Fyrir var tekið hvaða breytingar þurfi að leggja til við ársfundinn og voru eftirfarandi tillögur að breytingum samþykktar.

1. gr. Heiti félagsins verði Norðurá bs. en ekki Norðursorp bs. eins og skráð var í upphaflegan stofnsamning.
9. gr. Kosning stjórnar fari fram á ársfundi ár hvert en að út falli að kjörtímabil hennar sé sama og sveitarstjórna. Einnig falli út að Héraðsnefnd A-Hún tilnefni í stjórn fyrir hönd aðildarsveitarfélaga sinna.
13. gr. Ákvæði um boðun ársfundar er breytt þannig að hann skuli haldinn fyrir lok apríl í stað lok nóvember. Þar er einnig kveðið skýrar á um verkefni fundarins.

5. Urðunarstaður.

Rætt var um mögulega tillögu um sameiginlegan urðunarstað. Niðurstaða var þó að ekki væru fyrirbyggjandi nægjanlega skýrar forsendur til að hægt væri að leggja fyrir fundinn ákveðna tillögu. Hins vegar var skýrt innan stjórnarinnar í hvaða forgangsröð væri rétt að hafa við áframhaldandi vinnu við verkefnið og samþykkt að kynna það á ársfundinum.

6. Staða samninga við ráðgjafa.

Farið var yfir hver væri staða samninga við ráðgjafa. Eftirfarandi niðurstaða varð á þeirri skoðun:

- a) Samningur við Jarðfræðistofuna Stapa hefur verið óvirkur í rúmt ár og ekki verið unnið að matsskýrslu sem lá fyrir í drögum í janúar 2006. Formaður stjórnar tók að sér að ræða við Ómar Bjarka um að ekki verði lagt í frekari vinnu vegna málsins á meðan línur um val á urðunarstað eru að skýrast.



Norðurá bs
Byggðasamlag um sorpeyðingu
á Norðurlandi vestra.

- b) Samningi við Línuhönnun um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2007-2020 lýkur með kynningu á ársfundi nk. miðvikudag.
- c) Samningi við Línuhönnun um úttekt á stöðu sorpeyðingarmála lýkur með kynningu á ársfundi en reiknað er með að gera þurfi samning um verkfræðilega útfærslu á kostnaði og lausnum ef samningar nást um land til urðunar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 13.50

Bjarni Maronsson

Gunnar Bragi Sveinsson

Magnús B. Jónsson